

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, nr. 206/2023.

1. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Starfsleyfi og bráðabirgðaheimild fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa samkvæmt 6. gr., sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 14. gr., 38. gr. og 64. gr. a., sbr. 64. gr. b. og 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

a. Grunn gjald fyrir móttöku umsóknar, grunnvinnu við gerð starfsleyfistillögu, afgreiðslu, auglýsingu, úrvinnslu og útgáfu. Inni í því gjaldi er tímafjöldi starfsmanna, sbr. 1. gr.:

| | |
|-----------------------------|------------------------|
| I. viðauki laga nr. 7/1998 | 760.000 kr. (40 klst.) |
| II. viðauki laga nr. 7/1998 | 570.000 kr. (30 klst.) |

b. Gjald fyrir frekari vinnu við gerð starfsleyfistillagna, vinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda og fyrir kynningu, þ.m.t. borgarafund um kynningu á starfsleyfistillögu, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu.

Reikningur fyrir grunngjaldi, sbr. a-lið 2. mgr., skal gefinn út við móttöku umsóknar. Reikningur vegna frekari vinnu, sbr. b-lið 2. mgr. skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir. Fyrir endurskoðun eða breytingar á starfsleyfi, skv. 6. gr., sbr. einnig 14. eða 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 65. gr., sbr. 14. eða 38. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald, skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti.

Fyrir vinnslu og útgáfu bráðabirgðaheimilda fyrir starfsemi, skv. 7. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skal greiða tímagjald, skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðings. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í eftirfarandi ákvæðum laga og öðlast gildi 1. júlí 2023:

53. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir,
29. gr. og 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 27. júní 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrason.

Sigríður Svana Helgadóttir.